Jafnframt skal, eptir tillögu yðar í ofangreindu brjefi yðar, skipað fyrir á þessa leið: 53 18. apríl.

1. Sýslumaðurinn í Skagafjarðarsýslu skal eptirleiðis hafa alla umsjón með parti þeim, sem samkvæmt ofan sögðu er fráskilinn jörðinni Sauðá, mæla þar út lóðir handa þeim sem vilja byggja þar hús, og heimta inn lóðargjöldin, sem falli til landssjóðs.
2. Sýslumaðurinn skal á þessu vori mæla upp allan Sauðárkrók, til þess það verði fast ákveðið, hve stóra lóð hver hafi þeirra, sem þegar hafa byggt hús þar, og sömuleiðis verði tiltekin upphæð gjaldsins fyrir hverja húsalóð.
3. Eptirleiðis má ekki byggja hús á Sauðárkróki nema úr timbri eða steini.

Þetta tilkynni jeg yður hjermeð til þóknanlegrar leiðbeiningar.

Brjef landshöfðingja *til sýslumannsins í Rangárvallasýslu* **um borgun til hreppstjóra fyrir jarðamatsstörf eptir lögum 13. jan. 1882.** — 54 Eptir að hafa meðtekið 25. apríl. þóknanlegt álit yðar, herra sýslumaður, í brjefi dags. 19. f. m. um erindi hreppstjóra í Landmannahreppi, Jóns Björnssonar frá Austvaðsholti, þar sem hann krefst borgunar eptir lögum 13. jan. f. á. fyrir jarðamatsstörf, sem hann hefir framkvæmt síðast liðið sumar, vil jeg hjermeð þjónustusamlega biðja yður að tilkynna nefndum hreppstjóra að jeg álít, að eigi sje heimild til að veita honum hina heimtuðu borgun eptir lagaákvörðunum þeim, er hann vitnar til.

Auglýsing
um póstmál.

55 27. apríl.

Ráðgjafinn fyrir Ísland hefir samþykkt eptirfylgjandi breytingar á póstleiðum og póststöðvum.

1. Að aðalpósturinn milli Reykjavíkur og Akureyrar verði frá byrjun 4. póstferðar á þessu ári látinn fara eptir aðalþjóðveginum í Húnavatnssýslu um Botnastaði og Reyki að Sveinsstöðum.
2. Að brjefhirðingin á Blönduós verði aptur flutt að Reykjum á Reykjabraut eða að Sólheimum.
3. Að aukapóstur sá, er gengur til Skagastrandar (Skagastrandarpósturinn) fari eptirleiðis frá Sveinsstöðum um Blönduós til Hólaness, í hvert skipti er póstur kemur frá Reykjavík.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík 27. apríl 1883.

Hilmar Finsen.

Jón Jensson
settur.